

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1999

9. ágúst 1999

1701

Nr. 563

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Harðbalahverfis, Kjósarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 3. maí 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Harðbalahverfis í Kjósarhreppi, dags. 6. nóvember 1995.

Breytingin er lóð til viðbótar að austanverðu við núverandi skipulag. Lóðin er íbúðarlóð á sömu skilmálum og Harðbali 1-4. Lóðin heitir Litla Tunga og er 31.150 m² að stærð. Litla Tunga hefur sjálfstæða aðkomu af þjóðveginum.

Greinargerð og uppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt skipulag fyrir sama svæði frá 6. nóvember 1995.

Kjós, 9. ágúst 1999.

F. h. sveitarstjórnar Kjósarhrepps,
Ólafur Halldórsson byggingafulltrúi.

12. ágúst 1999

Nr. 564

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðarinnar Langholtsvegur 84 og breytingu á deiliskipulagi lóða nr. 62, 66 og 68 við Skipholt í Reykjavík.

Langholtsvegur 84.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. júní 1999, að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir lóðina að Langholtsvegi 84. Engar athugasemdir bárust við tillögunu. Skipulags- og umferðarnefnd samþykkti skipulagstillögunu á fundi sínum þann 19. júlí 1999. Í hinu nýja skipulagi felst breyting á skipulagi lóðar auk þess sem gert er ráð fyrir fjórum nýjum íbúðum í því húsi á lóðinni sem áður var nýtt fyrir verslun.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar og voru ekki gerðar við það athugasemdir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skipholt 62, 66 og 68.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 23. júlí 1999, breytingu á deiliskipulagi, samþykktu í bæjarráði 14. mars 1961, fyrir Vatnsholt, Hjálmholt, Skipholt og Bólstaðarhlíð. Breytingin lýtur að því að byggingarreitir á lóðunum Skipholti 62, 66 og 68 voru skilgreindir upp á nýtt í takt við núverandi byggðamynstur. Settir voru nýir skilmálar fyrir greindar lóðir er gera m.a. ráð fyrir 3 íbúðum á hverri lóð.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar og voru ekki gerðar við það athugasemdir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna afgreiðslu ríkisábyrgða og endurlána ríkissjóðs.

1. gr.

Við veitingu ríkisábyrgðar eða endurláns ríkissjóðs skal ábyrgðarþegi eða lánþegi greiða auk áhættugjalds, lántökugjald og afgreiðslugjald eins og segir í gjaldskrá þessari.

1. Lántökugjald vegna endurlána ríkissjóðs skal vera 0,5% af lánsfjárhæð.
2. Vaxtakjör endurlána í íslenskum krónum skulu taka mið af síðasta útboði sambærilegra ríkisverðbréfa. Auk þess skal greiða 0,15% álag á viðmiðunarvexti lánsins. Hafi útboð ekki átt sér stað síðustu sex vikur áður en gengið er frá lánveitingu, skulu vextir miðast við vexti af sambærilegum lánnum á Verðbréfaþingi Íslands. Sé endurlánað af tilteknu erlendu lánsfé, skulu vextir vera þeir sömu og ríkissjóður þarf að greiða af hinu erlenda láni að viðbættu 0,15 % álagi.
3. Afgreiðslugjald skal greiða við veitingu ríkisábyrgða og endurlána ríkissjóðs eins og hér segir:

a) Vegna skjalagerðar og heimildaöflunar þegar ekki er þörf sérstakra trygginga, kr. 120.000.

b) Þegar um verulega skjalagerð er að ræða, heimildaöflun og/ eða teknar eru sérstakar tryggingar, kr. 240.000.

Í ofangreindum tilvikum skal allur útlagður kostnaður vegna aðkeyprtrar sérfræðivinnu við mót eða þess háttar greiðast sérstaklega.

Ekki skal greiða afgreiðslugjald af endurlánum til ríkisaðila í B- og C-hluta ríkissjóðs.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir og 10. gr. laga nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins og öðlast þegar gildi. Aðilar sem greitt